

REGLUGERÐ
um (2.) breytingu á reglugerð um takmörkun á samkomum
vegna farsóttar nr. 878/2021.

1. gr.

Í stað orðanna „13. ágúst 2021“ í 1. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar kemur: 27. ágúst 2021.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. reglugerðarinnar:

- a. Á undan orðunum „allri annarri starfsemi“ í 1. mgr. kemur: skólum og
- b. Við 1. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Nemendur grunnskóla eru þó undanþegnir nálægðartakmörkun.
- c. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Kennurum og nemendum fæddum 2005 og fyrr er heimilt í skólum að taka niður grímu eftir að sest er niður inni í skólastofu.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 12. gr. sóttvarnalaga nr. 19/1997, með síðari breytingum, tekur gildi frá og með 14. ágúst 2021.

Heilbrigðisráðuneytinu, 11. ágúst 2021.

F. h. r.

Ásta Valdimarsdóttir.

Rögnvaldur G. Gunnarsson.